

## REGLUGERÐ RÁÐSINS (EB) nr. 434/97

frá 3. mars 1997

## um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarksmagn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 43. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar <sup>(1)</sup>,með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins <sup>(2)</sup>,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(3)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í reglugerð (EBE) nr. 2377/90 <sup>(4)</sup> er kveðið á um mat efna í áföngum, sem heimilt var að nota þegar reglugerðin öðlaðist gildi, og í 14. gr. sömu reglugerðar er mælt fyrir um að frá og með 1. janúar 1997 sé „bannað innan bandalagsins að gefa dýrum, sem gefa af sér afurðir til manneldis, dýralyf sem innihalda lyfjafræðilega virk efni sem eru ekki nefnd í I., II. eða III. viðauka“.

Til þess að þessi málsmeðferð bandalagsins verði áfram byggð á traustum vísindalegum grundvelli og komist verði hjá því að svipta dýralækna og notendur þeim efnum sem eru nauðsynleg til þess að vernda heilbrigði dýra skal framlengja fyrrnefndan frest, að því er varðar efni sem framkvæmdastjórninni eða Lyfjamálastofnun Evrópu hefur borist skjalfest umsókn vegna, þess efnis að ákvarðað verði hámarksmagn lyfjaleifa fyrir þau fyrir 1. janúar 1996, um leið og ákveða ber frestinn allt eftir eiginleikum hvers efnis.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 3. mars 1997.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Eftirfarandi undirliðir bætist við 14. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2377/90:

„Engu að síður ber að skjóta dagsetningunni, sem um getur í undirliðnum hér að framan, á frest að því er varðar efni sem heimilt var að nota daginn sem þessi reglugerð öðlaðist gildi og framkvæmdastjórninni eða Lyfjamálastofnun Evrópu hefur borist skjalfest umsókn vegna, þess efnis að ákvarðað verði hámarksmagns lyfjaleifa fyrir þau efni fyrir 1. janúar 1996:

- fram til 1. janúar 1998 fyrir vörur sem eru leiddar af pýrasólídóni, nitrómídasólum, arsánílsýru og fenýlbútasóni, og
- fram til 1. janúar 2000 fyrir önnur efni.

Lyfjamálastofnunin skal birta skrá yfir þessi efni fyrir 7. júní 1997.“

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Hún kemur til framkvæmda 1. janúar 1997.

*Fyrir hönd ráðsins,*

M. DE BOER

*forseti.*

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB nr. C 381, 17. 12. 1996, bls. 9.

<sup>(2)</sup> Álitum var skilað 20. febrúar 1997 (hefur enn ekki verið birt í *Stjórnartíðindum EB*).

<sup>(3)</sup> Álitum var skilað 27. febrúar 1997 (hefur enn ekki verið birt í *Stjórnartíðindum EB*).

<sup>(4)</sup> Stjttíð. EB nr. L 224, 18. 8. 1990, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 17/97 (Stjttíð. EB nr. L 5, 9. 1. 1997, bls. 12).